

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

4. tbl. • Apríl 2000

Hagsmunafélag til að efla verk- og tæknifræði



Frá stofnundi Hagsmunafélags um verk- og tæknimenntun á háskólastigi. Samtök iðnaðarins beittu sér fyrir stofnun félagsins

Samtök iðnaðarins eiga aðild að stofnun sérstaks félags til að efla verk- og tæknifræði: Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi.

Markmið félagsins er að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi. Þessu hyggst félagið ná með samnýtingu og samstarfi milli háskóla, með því að auka framboð menntunar á landsbyggðinni, með því að nýta samlegðaráhrif háskóla og rannsóknastofnana, með því að bæta menntun og hvetja til nýjunga í verk- og tæknifræði og með því að fjölga nemendum,

ekki síst konum, í verk- og tæknifræði.

Forsendur þess að ráðist er í stofnun sérstaks félags í þessu skyni eru nokkrar. Meðal þeirra má nefna að nemum í verkfræði, tæknifræði og skyldum greinum hefur ekki fjölgað undanfarin ár þrátt fyrir mikla þörf fyrirtækja fyrir menntað tæknifólk í vel launuð og skapandi störf.

Eitt fyrsta verkefni Hagsmunafélagsins var að halda opinn umræðufund í Háskóla Íslands undir heitinu „Er vit í verk- og tæknifræði?“

Sjá nánar bls. 8

Oliugjald, þungaskattur og umhverfisskattar

Ritsjórnargrein 2

Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni stofnaður

3

Leonardó fyrir fyrirtækin

4



„Er vit í verk- og tæknifræði?“

Frá umræðufundi á kynningardegi háskólastigsins 5

Matur 2000

6



Franskir dagar

7



Nýr innblástur í „Heimsklassa framleiðslu“

9



Samningur SI og EJS um viðskiptakjör

10-11



Olúgjald, þungaskattur og umhverfisskattar

LAGASETNINGIN

Illu heilli var á sínum tíma kastað til höndunum við lagasetningu um olúgjald. Lögin sem samþykkt voru 1995 voru meingölluð og byggðust á flóknu kerfi undanþága og endurgreiðslna. Að þeirri smíð var unnið án nokkurs samráðs við atvinnulífið eða samtök þess. Þegar til átti að taka reyndust þessi lög óframkvæmanleg og var gildistöku þeirra ítrekað frestað. Vorið 1998 var fjármálaráðuneytið hins vegar búið að smíða frumvarp til breytinga á olúgjaldslögunum með óformlegu en ágætu samstarfi við atvinnulífið. Um þessa niðurstöðu var komin víðtæk samstaða og lausnin byggðist á litun skattfrjálsrar olú eins og gert er í flestum Evrópulöndum. Reyndar er gjaldtakan svo mikil hér á landi að menn treystu sér ekki til að færa þá skattlagningu alla yfir í olúgjald. Því átti að viðhalda þungaskattkerfinu að hluta á þyngstu bifreiðum yfir 10 tonn um að heildarþyngd. Það er reyndar ekkert fráleitt því að vitað er og viðurkennt að bifreiðar slíta vegum ekki í hlutfalli við þyngd eða olúnotkun. Tíu tonna bifreið slítur vegum mun meira en 10 fólksbílur.

OLÚGJALD STÖÐVAÐ Á LOKASTIGI

Samtök iðnaðarins studdu þessa breytingu og sáu í henni kjörrið tækifæri til að færa skattlagningu á bifreið-

ar og umferð nær því sem tíðkast í samkeppnislöndum okkar. Þar eru reyndar gerðar mun strangari kröfur til bifreiða en hér tíðkast en að auki hefur ESB boðað hertar kröfur um eldsneytisnotkun, útblástur og hljóðmengun. Upptaka olúgjalds er að mati SI fyrsta skrefið í þá átt til að mæta þessum hertu kröfum.

Efnahags- og viðskiptanefnd klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mælti meirihluti nefndarinnar með því að fallið skyldi frá upptöku olúgjaldsins en haldið áfram með þungaskattinn. Rök um alþjóðlega þróun og umhverfissjónarmið voru léttvæg fundin og enn einu sinni komst þingheimur að þeirri niðurstöðu að okkur henti ekki að gera eins og aðrar þjóðir. Það tók líka 20 ár að taka hér upp virðisaukaskattkerfi og rökin voru þau sömu: Of dýrt; hentar okkur ekki; við erum svo sérstakir.

Það er óneitanlega merkilegt að meirihluti Alþingismanna skyldi taka þessa afstöðu í ljósi þess að hagsmunafélög þeirra, sem greiða þungaskatt og hefðu átt að greiða olúgjald vegna atvinnurekstrar, voru öll meðmælt þessari breytingu og þar með reiðubúin að láta óhagræði af tvöföldu kerfi yfir sig ganga. Þeir einu sem vitað var að voru á móti þessari breytingu voru olúfélögin sem eðli málsins samkvæmt vilja selja sem mesta olú og láir þeim það enginn. Það er hins vegar merkilegt að Alþingi skuli blása á vilja þeirra sem árum saman hafa búið við þungaskattkerfið og þekkja það því best svo að ekki sé nú minnst á alþjóðlega þróun í skattlagningu umferðar og umhverfissjónarmið.

UMHVERFISSKATTAR

Umræðan um umhverfisskatta er nú að komast á fleygiferð hér á landi eins og annars staðar á Vesturlöndum. Skattlagning á umferð er hér meiri en þekkt annars staðar í Evrópu og hún er einnig í öðru formi, þ.e.a.s. í formi þungaskatts en aðrar Evrópuþjóðir eru með olúgjald. Það er full ástæða til að óttast að við Íslendingar fáum umhverfisskatt á olú ofan á óhóflega

skattheimtu á bifreiðar í formi þungaskatts. Miðað við þá skattheimtu, sem nú felst í þungaskattinum er óhugsandi að breyta því öllu í olúgjald, því að olía væri þá einfaldlega orðin of dýr. Mun betra væri að breyta þungaskattinum að hluta í olúgjald eins og að var stefnt. Við hljótum því að hafa frumkvæði að því rykið verði dustað af frumvarpi Friðriks Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra, um olúgjaldið.

FRAMTÍÐIN OG FORNESKJAN

Það þarf ekki mikinn spámann til þess að spá því að með tímanum verður skattheimta á olú tvíþætt: Stærsti hlutinn mun renna til að fjármagna samgöngumannvirki, ekki bara vegi, heldur líka flugvelli og hafnir. Hinn hluti skattheimtunnar verður í framtíðinni mengunarþátturinn eða umhverfisskattur sem allir munu greiða sem brenna olú því að það skiptir engu hvar olúnni er brennt. Þetta er í samræmi við þá meginreglu að þeir sem nota mannvirki, slíta þeim, menga eða valda slysum eiga að greiða kostnaðinn sem af því hlýst.

Andstæðan við þessa hugsun er t.d. gegndarlaus skattheimta á bifreiðar og umferð en á sama tíma eru skattgreiðendur og neytendur látnir greiða niður kostnað við hafnir landsins. Þar fær útgerðin sérstakan afslátt og er undanþegin greiðslu vörugjalda af fiski. Vörugjaldið er síðan notað til að standa undir hafnarframkvæmdum við fiskihafnir víða um land. Þetta, ásamt samræmdri gjaldskrá hafna, er ekki einasta í misræmi við EES samninginn heldur það sem verra er: Þetta er úrelt og skaðleg hugsun.

TÍMABÆRT AÐ TAKA MÁLIÐ UPP

Alþingismenn þurfa að fá sem fyrst tækifæri til að taka afstöðu til þess að taka upp olúgjald og afnema þungaskatt af stórum hluta bílafloðans. Ákvörðun um að hafna olúgjaldi var skyndiákvörðun tekin að lítt athuguðu máli vorið 1998. Þeirri ákvörðun verður breytt í framtíðinni. Á því leikur enginn vafi. Alþingismenn ættu að sjá sóma sinn í því að láta atvinnulífið ekki bíða endalaust eftir lagfæringum af þessu tagi sem allir vita að þarf að gera.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
04. tbl. Apríl 2000
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 14. apríl 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni stofnaður

Stofnfundur Samstarfsvettvangs um heilbrigðistækni var haldin 21. mars sl. á Vífilstaðaspítala. Þar var undirritaður samningur um rekstur Vettvangsins til þriggja ára sem felur í sér fjármögnun sem nemur 13,5 millj. kr. ár ári á þessu tímabili. Stofnendur eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Nýsköpunarsjóður, Rannsóknarráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Heilbrigðistæknifélag Íslands.

Markmið vettvangsins er skilgreint:

Að stuðla að aukinni þróun og útflutningi heilbrigðistæknilausna frá Íslandi og koma jafnframt til móts við þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir hagkvæmari og betri lausnir en nú tíðkast til að bæta lífsgæði og lífslíkur sjúklunga.

Vettvangurinn er nýr samstarfsgrundvöllur fyrirtækja og stofnana á sviði heilbrigðistækni og gerir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum á þessu sviði auðveldara að koma á og vinna saman að þróunar- og útflutningsverkefnum. Meginhlutverk samstarfsvettvangsins er að hvetja fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til aukins innlands og erlends samstarfs um þróunar- og markaðsmál á sviði heilbrigðistækni. Á vettvanginum er unnið að mati og fjármögnun samstarfsverkefna þar sem leitast er við að styrkja veikar hliðar verkefna og nýta tækifæri sem felast í styrkleika þeirra. Á samstarfsvettvanginum er einnig unnið að því að bæta aðstæður þessara aðila til að geta stundað árangursríkt þróunar-samstarf.

Aðdragandinn að stofnun þessa vettvangs er úttektar- og stefnumótunarverkefni sem unnið var árið 1998 í samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Rannsóknarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins og Heilbrigðistæknifélags Íslands. Fjölmargir aðilar komu að þessum undirbúningi, en grunnurinn var lagður á stefnumótunarfundi sem haldinn var í byrjun árs 1998 undir stjórn Samtaka iðnaðarins,

með þátttöku breiðs hóps þekkingarfólks á sviðinu frá fyrirtækjum, sjúkrahúsum, rannsókn- og háskólastofnunum heilbrigðiskerfisins auk ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála.

Á stofnfundinum var fjallað nánar um starfsemi Vettvangsins og kynnt dæmi um árangursríkt samstarfsverkefni fyrirtækis og heilbrigðisstofnunar á sviði svefnrannsókna en slíkt samstarf var einmitt ein af mikilvægustu forsendunum fyrir stofnun fyrirtækisins Flögu ehf. Þá sögðu ráðherrar heilbrigðis- og iðnaðarmála, ásamt framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs nokkur orð til að fylgja Vettvanginum úr hlaði.

Stjórnarnefnd Vettvangsins skipa eftirtaldir aðilar: Heilbrigðisráðuneyti, Magnús Pétursson, (formaður), Heilbrigðistæknifélag Íslands, Helgi Kristbjarnarson, iðnaðarráðuneyti, Sveinn Þorgrímsson, Nýsköpunarsjóður,



ur, Úlfar Steindórsson, Rannís, Vilhjálmur Lúðvíksson, Samtök iðnaðarins, Sveinn Hannesson

Í Verkefnisstjórn sitja eftirfarandi: Samtök iðnaðarins, Davíð Lúðvíksson, (formaður), Heilbrigðistæknifélag Íslands, Þórður Helgason, Nýsköpunarsjóður, Gísli Benediksson, Rannís, Snæbjörn Kristjánsson, ráðuneytin (sameiginlega), Ingimar Einarsson.

Að stofnfundi loknum hélt stjórnarnefnd vettvangsins sinn fyrsta fund og skipaði verkefnisstjórn sem á næstunni mun auglýsa eftir verkefnisstjóra. Stefnt er að því að ljúka ráðningu verkefnisstjóra í maí og að Vettvangurinn taki formlega til starfa fljótlega í framhaldi af því.

Davíð Lúðvíksson

Tilkynning frá Hagstofu Íslands:

Hætt að reikna vísitölu fyrir vörubifreiðar og vinnuvélar

Hagstofan hefur frá árinu 1987 reiknað vísitölu vörubíla og vinnuvéla fyrir Vegagerðina og Verktakasambandið (nú Samtök iðnaðarins). Um var að ræða eins konar „framreikniþjónustu“ fyrir þessa aðila sem lögðu til forsendur um vogir og tilhögun útreikninganna og báru einir ábyrgð á dreifingu vísitölnnar.

Forsendur, sem lágu að baki útreikningunum árið 1987, eru nú úreltar og vara-samt að nota vísitöluna til verðtryggingar. Auk þess hefur notkun verðtryggingar í verksamningum til skamms tíma dregist verulega saman og þörfin fyrir sérstaka vísitölu minni en áður.

Hagstofan hefur því ákveðið í samráði við Vegagerðina og Samtök iðnaðarins að hætta þessum útreikningi og verður vísitalan reiknuð í síðasta sinn í ágúst 2000.

Leonardó fyrir fyrirtækin

Leonardó da Vinci II, starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins var ýtt úr vör hér á landi í síðasta mánuði. Leonardó II, stendur árið 2000–2006 og tekur við af áætlun sem stóð frá 1994 til síðustu áramóta. Leonardó II felur í sér tækifæri sem fyrirtæki og starfsmenn þeirra eru hvött til að kynna sér. Nánari upplýsingar um möguleika Leonardó gefur www.mennt.is, s. 511 2660, netfang mennt@mennt.is.

Markmið Leonardó da Vinci II er svipað og Leonardó I:

- að bæta fagkunnáttu og færni fólks, sérstaklega ungs fólks. Þetta má m.a. gera með starfstengdri þjálfun og samningsbundnu námi.
- að auka gæði og aðgang að símenntun í starfsþjálfun og stuðla þannig að því að fólk geti eftl verkunnáttu sína og verkfærni.
- að stuðla að og styrkja framlag starfsmenntunar til nýsköpunar til að bæta samkeppnishæfni og aðstöðu frumkvöðla, einnig með tilliti til nýrra atvinnutækifæra.

TÆKIFÆRI FYRIR FYRIRTÆKI

Ástæða er til að benda forráðamönnum iðnfyrirtækja á að kynna sér þjónustu sem þeim stendur til boða innan Leonardó II. Í fyrri áætluninni nýttu fyrirtæki sér þá möguleika, sem gáfust til starfsmannaskipta, tóku við lærlingum erlendis frá eða sendu eigin starfsmenn til þjálfunar í öðrum löndum. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Starfsmaður, sem á annað borð er á leið til þjálfunar erlendis, getur átt kost á niðurgreiðslu fargjalds og upphalds gegnum Leonardó. Ástæða er til að hvetja fyrirtæki til að kanna möguleika á þátttöku í tilraunaverkefnum og í fjölþjóðlegum samstarfsnetum.

LEONARDÓ II

Leonardó II áætlunin skiptist í nokkra þætti: 1) Mannaskipti 2) Tilraunaverkefni 3) Færni í tungumálum 4) Fjölþjóðleg samstarfsnet – og 5) Gagnasöfn.



styrki. Framkvæmdastjóri MENNTAR er Hrönn Pétursdóttir.

MENNT ANNAST ÞJÓNUSTU

Mennt – Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla mun kynna áætlunina í umboði Landsskrifstofunnar og aðstoða fólk við hvaðeina í tengslum við áætlunina, t.d. að sækja um

ÁRANGUR HEFUR VERIÐ GÓÐUR

Í fyrri Leonardóáætluninni var árangur Íslendinga mjög góður. Um 600 íslenskir nemendur og starfsmenn hafa farið í náms- og starfsdvöl til annarra Evrópulanda og 19 tilrauna-, yfirfærslu- og rannsóknaverkefni undir íslenskri verkefnisstjórn hafa verið styrkt. Auk þess eru Íslendingar þátttakendur í mörgum verkefnum sem stjórnad er frá öðrum Evrópulöndum.

Ingi Bogi Bogason

Fræðslustjórar fyrirtækja athugið!

Námsferðir CEDEFOP

Á hverju ári stendur CEDEFOP - miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar - fyrir námsferðum þar sem starfsmenntun í Evrópulöndunum er kynnt. eru ferðirnar styrktar fjárhagslega af CEDEFOP. Átta Íslendingum sem eru í stjórnarstörfum tengdum starfsmenntun, gefst kost á að taka þátt í slíkri námsferð á hverju ári.

Frá september til áramóta eru í boði alls 34 ferðir. Þar af eru fjórar ætlaðar íslenskum þátttakendum. Sérstök ástæða er til að benda fræðslu- og starfsmannastjórum iðnfyrirtækja á þessar námsferðir.

Hver ferð hefur tiltekið þema og höfðar því til sérstaks hóps sem vinnur að starfsmenntamálum. Ferðirnar taka 3-5 daga og í hverjum hópi eru 10-12 þátttakendur frá ýmsum Evrópulöndum í hverjum hópi. Fjárstyrkur CEDEFOP tekur mið af fjarlægð milli heimalands og lands sem heimsótt er. Sem dæmi má nefna að ef ferðast þarf 2001-3000 km (báðar leiðir) nemur styrkurinn 850 evrum og að auki bætast við 80 evrur á dag.

Upplýsingar um þema og dagskrá námsferðanna, sem eru í boði, má fá á vefslóðinni www.trainingvillage.gr/etv/study-visits/theme-group_2nd_2000/index.asp

Menntamálaráðuneytið hefur gert samkomulag við MENNT um umsjón námsferða CEDEFOP á Íslandi. Nánari upplýsingar, bæklingur með upplýsingum um námsferðir í boði og umsóknareyðublað má fá hjá MENNT. Útfyllt umsóknareyðublað þurfa að berast skrifstofu MENNTAR í síðasta lagi föstudaginn 5. maí. Ákvörðun um þátttöku tekur CEDEFOP.

Ingi Bogi Bogason

„Er vit í verk- og tæknifræði?“

Frá umræðufundi á kynningardegi háskólastigsins

Ungt fólk sótti vel umræðufund „Hagsmunafélags um eflingu verk- og tæknimenntunar“ um verk- og tæknifræði á sérstökum kynningardegi háskólastigsins 9. apríl sl. Á palli sátu Fjóla Jónsdóttir, verkfræðingur, Frosti Bergsson, tæknifræðingur, Sigríður Einarsdóttir, verkfræðingur og Páll Jónsson, tæknifræðingur. Umræðustjóri var Sigmundur Ernir Rúnarsson, varafréttastjóri á Stöð 2.

Tæplega 90 manns fylltu sal 101 í Odda, flest ungt fólk. Formaður Hagsmunafélagsins, Ragnheiður Þórarinsdóttir, kynnti stuttlega félagið og tilgang þess sem er að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi.

Viðmælendur voru sammála um að miklir möguleikar fælust í verk- og tæknifræði fyrir ungt fólk um þessar mundir. Fyrirtækin auglýsa sem aldrei fyrr eftir verkfræðingum og tæknifræðingum og launakjör eru góð. Af þessum ástæðum ætti að vera eftirsóknarvert að læra verkfræði og tæknifræði. Fram kom að nemendum fjölgar heldur í þessum greinum, sérstaklega stúlkum. En betur má ef duga skal.

Viðmælendur minntu á að tækninám nýttist vel til ýmissa ólíkra starfa. Það útilokaði t.d. alls ekki viðskiptatengt nám og störf, þvert á móti væri tækninám góður grunnur undir slíkt. Spurðar um ástæður þess hve fáar konur hefðu lokið verk- og tæknifræðimenntun svöruðu Sigríður og Fjóla að ekkert í náminu hentaði verr konum en körlum. Líklega ylli þessu gömul hefð sem mikil ástæða væri til að breyta.

Ingi Bogi Bogason

Lifandi fréttavefur

www.si.is



Frummælendur f.v.: Sigríður Einarsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Frosti Bergsson og Páll Jónsson

Gæðakerfi fyrir byggingaverktaka

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að semja kerfi til gæðastjórnunar fyrir byggingaverktaka á vegum Samtaka iðnaðarins. Drög að gæðahandbók eru nú tilbúin, einnig á tölvutæku formi með sérhönnuðu fylgiformiti sem auðveldar alla notkun.

Í gæðakerfinu er gert ráð fyrir að farið sé yfir alla þætti reksturs og framleiðslu og samdar verklagsreglur ásamt gátlistum og eftirlitsblöðum. Uppkast að slíkum listum er að finna í drögum að gæðahandbók sem byggist á 7 aðalköflum og 26 undirköflum. Þau fyrirtæki sem vilja nýta sér þetta gæðakerfi SI, munu taka þátt í sérstöku verkefni sem ætlað er að taki u.þ.b. ár. Á þeim tíma fara stjórnendur og starfsmenn þeirra yfir alla þætti rekstursins og festa þá í sessi samkvæmt reglum gæðakerfisins. Sjó til tíu fyrirtæki geta tekið þátt í hverju verkefni og munu þátttakendur væntanlega hittast einu sinni í mánuði ásamt verkefnisstjóra SI, fara yfir stöðuna og leggja drög að næsta áfanga verkefnisins.

Sjö jarðvinnuverktar vinna nú að sambærilegu verkefni og eitt fyrirtæki í skipaðnaði auk þess sem nokkrir framleiðendur húseininga vinna að því að koma á gæðaeftirliti og fá framleiðslu sína vottaða samkvæmt 120 gr. byggingareglugerðar. Með gæðakerf-

um fá stjórnendum gott tækifæri til að koma festu á reksturinn, taka á öllu sem betur má fara og temja sér nútíma stjórnunaraðferðir sem að loknu velheppnuðu verkefni munu leiða til arðbærari og yfirvegaðri rekstrar en var fyrir. Þau fyrirtæki, sem í framhaldi af verkefninu geta sýnt fram á góða og virka stjórnun, byggða á gæðakerfinu, geta fengið árangur sinn vottaðan af Samtökum iðnaðarins eða gengið skrefi lengra og leitað eftir að vottun samkvæmt reglum ISO 9000.

Þeim fyrirtækjum, sem stjórnnað er með stuðningi viðurkennds gæðakerfis, ætti að vera mun auðveldara en áður að takast á við erfið og krefjandi verkefni og ætti traust slíkra fyrirtækja að fara vaxandi þar sem allt verklag verður betur skipulagt, mistökum fækkar og auðvelt verður að sýna fram á það við upphaf verks hvernig fyrirtækið ætlar að standa við gerða samninga.

Verkefni í gæðastjórnun er ekki íþyngjandi fyrir stjórnendur eða starfsfólk ef rétt er að málum staðið því að eingöngu er fjallað um daglegt umhverfi þeirra í stjórnun og framkvæmdum. Eftir því sem verkefninu miðar áleiðis sparast mikill tími og fjármunir sem að annars fara í að leiðrétta mistök. Fyrsta verkefninu fyrir byggingaverktaka verður hrundið af stað á Akureyri í lok apríl.

Ferdinand Hansen

Matur 2000

Sýningin Matur 2000 var haldin í Tennishöllinni í Kópavogi 30. mars til 2. apríl sl. Þar kynnti fjöldi fyrirtækja framleiðslu sína og þjónustu, þ.á.m. nokkrir félagsmenn SI. Hér að neðan eru svipmyndir frá sýningunni.



Þátttakendur í Íslandsmeistarakeppni í kökskreytingum. F.v. Ásgeir Sandholt, Gunnlaugur Örn Valsson, Ásgeir Þór Tómasson, Eggert Jónsson og Anna Linda Matthíasdóttir. Á myndina vantar Þormar Þorbergsson

Gunnlaugur Örn Valsson og í 3. sæti Þormar Þorbergsson. Aukaverðlaun fyrir bestu ljósmyndaupstillinguna hlaut Gunnlaugur Örn Valsson en Ásgeir Sandholt hlaut aukaverðlaun fyrir besta bragðið og fyrir fagmannlegustu súkkulaðivinnuna.

Nemakeppni Kornax í brauðbakstri fór fram í Hótel- og matvæaskólanum í Kópavogi í tengslum við sýninguna. Til úrslita í keppninni kepptu fimm bakaranemar en þeir, sem unnu sér þátttökurétt í forkeppni, sem haldin var fyrr í mánuðinum, eru þeir Benedikt Helgason, G. Ólafsson & Sandholt, Styrmir Már Sigmundsson, Hjá Jóa Fel., Ásgeir Magnússon, Myllunni, Ragnar Níels Steinson, Korninu og Sigurður E. Baldvinsson, Kökubankanum.



Frá nemakeppni í kjötiðnaði

Fyrirkomulag var svipað og í fyrra, þ.e. keppt var í bakstri venjulegra brauða, smábrauða, vinarbrauða og borðskreytinga. Verðlaunafhending fór fram í Hótel- og matvæaskólanum föstudaginn 31. mars. Fyrstu verðlaun hlaut Styrmir Már Sigmundsson, bakariinu Hjá Jóa Fel.

ÍSLENSKIR KJÖTDAGAR

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna var haldin í tengslum við sýninguna og þátt-

tökuvörum stillt út til sýnis á sýningararsvæðinu. Samtals voru sendar inn 186 vörur til keppinnar. Kjötmeistari Íslands 2000 varð Elvar Óskarsson, Kjötíðnaðarstöð KEA með 292 samalögð stig fyrir vörur í öllum flokkum af 300 mögulegum. Norðanmenn gerðu garðinn frægan í þessari keppni en af átta stigahæstu keppendum voru fjórir frá Kjötíðnaðarstöð KEA, einn frá Kjötíðjunni Húsavík, einn frá Kjarnafæði á Akureyri og einn frá Krás á Selfossi. Veitt eru sérstök verðlaun fyrir athyglisverðustu nýjungina. Þau hlaut Sigmundur Hreiðarsson, Kjötíðjunni Húsavík fyrir þurrverkað lambakjöt.

Búgreinafélögin veita einnig sérstök verðlaun fyrir afurðir sem tengjast hverju félagi. Verðlaun fyrir athyglisverðustu nýjungina úr nautakjöti, Bláberjagrapinn mjólkurkálfi, hlaut Oddur Árnason, Sláturfélagi Suðurlands, Lambaorðuna fyrir flest stig fyrir innsendar vörur úr lambakjöti hlaut Sigmundur Hreiðarsson, Kjötíðjunni Húsavík, verðlaun fyrir bestu vöruna úr alifuglakjöti hlaut Hörður Reynisson, Kjötumboðinu, fyrir Kjúklingapaté með eggjum, verðlaun fyrir bestu hráskinkuna hlaut Ágúst Andrésson, Kaupfélagi Skagfirðinga fyrir Kráarskinku og verðlaun fyrir bestu pylsu úr hrossakjöti hlaut Magnús Sigurólason, KEA, fyrir Hrossaspægipylsu.

Nemakeppni í kjötiðnaði fór fram á keppnissvæði sýningarinnar sunnudaginn 2. apríl. Þar kepptu kjötíðnaðarnemar í úrbeiningu á hálfum svínaskrokki án læris og mega ekki vera lengur en tvær klukkustundir að vinna verkið. Í þessari keppni var gefið fyrir vinnubrögð, hraða, nýtingu, fjölbreytni og frágang vöru. Nemarnir, sem þátt tóku í keppninni, voru: Arnór Blomsterberg, nemi hjá Kjötismiðjunni, Atli Þór Samúelsson nemi hjá Síld og fiski, Halldór Geir Jensson, nemi hjá SS, Jóhann Gunnar Guðmundsson, nemi hjá SS og Þormóður Símonarson, nemi hjá Kjötbankanum.

Jóhann Gunnar Guðmundsson hreppti 1. sætið en Arnór Blomsterberg fékk verðlaun fyrir athyglisverðustu nýjungina.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Besta ljósmyndaorðið



Þátttökuvörur úr Fagkeppni meistarafélags kjötiðnaðarmanna



Einastaklingsterta Ásgeirs Sandholts



Íslenskir bakarar spreyttu sig á að búa til franskar bökur

Landssamband bakameistara og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir frönskum dögum í bakaríum síðari hluta marsmánaðar.



Franski sendiherrann Louis Bardollet flutti ávarp

Átakið hófst með opunarathöfn á Hallveigarstíg 1 þar sem bakarar settu upp hlaðborð með alls

Franskir dagar

konar frönskum brauðum, bökum og kökum, ostum frá Osta- og smjörslunni og frönsku rauðvíni frá Karli K. Karlssyni ehf. Franski sendiherrann flutti ávarp og gladdist yfir áhuga íslenskra bakara á að innleiða franska brauðmenningu hér á landi. Honum þótti afurðirnar afar góðar. Hörður Kristjánsson, stjórnarmaður í LABAK flutti einnig ávarp þar sem hann kynnti frönsku dagana og þakkaði þeim fjölmörgu sem hafa lagt bökum lið við hrinda þessu átaki í framkvæmd. Til veislunnar var boðið fjölmiðlafólki, starfsfólki franska sendiráðsins, bökurum, birgjum og öðrum velunnurum átaksins. Athöfnin var með eindæmum vel sótt og fengu bakarar mikið hól fyrir framleiðslu sína.

Frönsku dagarnir stóðu formlega yfir í tvær vikur. Meðan á þeim stóð kappkastuðu bakarar að bjóða úrval franskra brauða og einnig ýmiss konar bökur með grænmetis- kjöt- eða ávaxtafyllingu. Neytendur hafa tekið þessum vörum vel og þær eftirsótt-

ustu verða

án efa áfram í boði.

Átakið var eingöngu auglýst í útvarpi og þótti það gefa góða raun. Þeir bakarar, sem rætt hefur verið við, eru á einu máli um að frönsku dagarnir hafi náð mjög vel til neytenda og talsverðar söluaukningar hafi orðið vart meðan átakið stóð.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Frá opnun franskra daga

Svipmyndir - MATUR 2000



Pottgaldrar



Heimabakarí á Húsavík



Mosfellsbakarí



Sýningarbás Goða, Þykkvabæjar í baksýn



Kornid



Kaffitár

Alvarlegir gallar á frumvarpi um samkeppni

Samtök iðnaðarins áttu á sínum tíma frumkvæði að því að fyrirverandi viðskiptaráðherra, Finnur Ingólfsson, setti á fót nefnd til þess að kanna hvort þörf væri á því að endurskoða samkeppnislögin.

Nefndin skilaði af sér í nóvember 1999 eftir að hafa verið að störfum í eitt ár. Því miður var nefndinni ekki gefið tækifæri til þess að móta tillögur sínar og skila heildaráliti og varð því minna gagn að starfi hennar en efni stóðu til. Allir nefndarmennirnir 13 urðu þó sammála um að breyta þyrfti lögunum að meira eða minna leyti. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir þinginu, er því ekki ávöxtur starfs þessarar nefndar þótt vissulega sé þar að finna ýmis veigamikil atriði sem voru rædd í nefndinni.

MÁLMEÐFERÐ

Því miður eru talsverðir gallar á frumvarpinu. Sérstaklega veldur það vonbrigðum að ekki skuli neitt tekið á reglum um málsmeðferð og skipan samkeppnisráðs/áfrýjunarnefndar vegna þess að mjög mikilvægt er að störf samkeppnisfirvalda njóti fullkomins trausts. Það verður æ mikilvægara eftir því sem þeim eru fengin meiri völd til þess að hafa afskipti af fyrirtækjum og hegðun þeirra á markaði. Gera verður mjög ríkar kröfur um að samkeppnisfirvöld gæti jafnræðissjónarmiða og andmælaréttar við meðferð mála. Að mati Samtaka iðnaðarins gerir núverandi skipan mála það alls ekki.

Samtök iðnaðarins leggja til að í 5 manna samkeppnisráði/áfrýjunarnefnd tilnefni atvinnurekendur einn fulltrúa og neytendur annan til þess að tryggja að sem flest sjónarmið og skoðanir komi fram við skoðun, mat og ákvarðanir samkeppnisráðs/áfrýjunarnefndar.

SAMRUNI FYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins sjá ekki hvaða rök eru fyrir því að veita íslenskum samkeppnisfirvöldum miklu opnari heimildir til þess að grípa inn í samruna fyrirtækja en tíðkast í flestum

Evrópuríkjum. Það er óásættanlegt að í tengslum við samrunaákvæðin skuli höfundar frumvarpsins ekki minnst einu orði á þá meginreglu sem gildir í öllum Evrópuríkjum, nema í Noregi, að settir eru tilteknir þröskuldar varðandi hve umfangsmikill samruni þurfi að vera til þess að koma til álita sem rannsóknarefni samkeppnisfirvalda.

Setja verður það almenna skilyrði að samruni verði að hafa veruleg þjóðhagsleg og/eða efnahagsleg áhrif til að til greina komi að ógilda hann. Ógildingu á aðeins að beita í algerum undantekningartilvikum og þegar yfirgnæfandi líkur eru á því að bannid við misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé ekki nóg. Það er ófært að jafnvel smáfyrirtæki eigi yfir höfði sér afskipti samkeppnisfirvalda detti þeim í hug að sameinast öðrum smáfyrirtækjum.

Samtök iðnaðarins leggja til að tekið verði upp ákvæði eins og það sem Danir ætla að setja og að viðmiðunar-

tölurnar verði þrjár milljarðar króna í sameiginlegri veltu á íslenskum markaði og að velta minnst tveggja fyrirtækja nemi meira en 200 milljónum króna á íslenskum markaði. Fjárhæðirnar verða þá tífalt lægri héraendis en í Danmörku.

MARGT TIL BÓTA

Þrátt fyrir þessa galla á málalíbúnaði viðskiptaráðherra er margt gott að finna í frumvarpinu sem Samtök iðnaðarins styðja heils hugar. Sérstaklega er ánægjulegt að frumvarpið gerir ráð fyrir því kveðið verði skýrt á um að misnotkun markaðsráðandi stöðu verði bönnuð en það hefur einmitt verið eitt helsta baráttumál Samtaka iðnaðarins í samkeppnimálum.

Jón Steindór Valdimarsson

Ný verslun á gömlum grunni

Nú á tímum mikillar hagræðingar og samruna fyrirtækja hafa þau Helgi Guðmundsson úrsmiður og Halla Bogadóttir gullsmiður sameinast um húsnæði að Laugavegi 82.

Helgi hefur ávallt rekið verslun sína og verkstæði við Laugaveg og sett sinn svip á þá góðu athafnagötu sem óðum gengur í endurnýjun lífdaga með nýju fólki og nýjum og breyttum fyrirtækjum.

Halla, sem nú er formaður félags gullsmiða, hefur ekki rekið fyrirtæki undir eigin nafni fyrr. En nú hafa þau feðgin Helgi úri og Halla Boga sameinast um húsnæði þar sem þau reka vinnustofur sínar og verslun.



Nýr innblástur í „Heimsklassa framleiðslu“

Dagana 28. – 29. mars sl. stóðu Samtök iðnaðarins ásamt systursamtökum á Norðurlöndum og Norræna iðnaðarsjóðnum að ráðstefnu framsækinnna fyrirtækja og þekkingarstofnana á Norðurlöndum á sviði framleiðslustjórnunar.

Þátttakendur frá Íslandi voru 10, frá Delta, Hörpu, Marel, Vaka-DNG, Össuri, Gæðafæði, Háskóla Íslands og Samtökum iðnaðarins.

Aðalerindi ráðstefnunnar hélt prófessor Dr. Charles Fine frá MIT, sem er ein skærasta stjarna MIT á sviði fyrirtækjastjórnunar um þessar mundir.

Hann fjallaði um „samkeppni á tímum skammvinnra samkeppnisyrfirburða“ (Competition in the Age of Temporary Advantage) og „samkeppni með hraða og sveigjanleika“ (Competing with speed and flexibility). Ráðstefnan fór að öðru leyti fram í minni vinnufundum sem þátttakendur gátu valið um (2-3 samtímis) þar sem fjallað var um afmarkaða stjórnunarþætti, s.s. net-samstarf, ferilstjórnun, samhæfingu upplýsingakerfa, breytingastjórnun, þekkingarstjórnun og tæknistjórnun.

Charles Fine hefur stundað umfangsmiklar rannsóknir í Bandaríkjunum á þeim starfsgreinum sem vaxa hraðast („fruitflies“) og hvernig „klukkutíðni“ (tíðni breytinga í vörum, ferlum og stjórnun) í þessum greinum er miklu meiri en í hæg-vaxtargreinunum („dinosarus“). Uppskriftina að velgengi telur Fine vera að finna í hönnun „viðskipta- eða aðfangakeðjunnar“ (supply chain) og stýringu á lykilþáttum (core capabilities) hennar út frá þörfum viðskiptavinarins. Í þessu felast fjölmargar ógnanir og tækifæri sem framsækin fyrirtæki verða að sjá fyrir og laga sig að. Þeir, sem fyrstir ná tökum á lykilþáttum aðfangakeðjunnar, geta náð forskoti í sinni grein á ótrúlega skömmum tíma, jafnvel í greinum þar sem engan óraði fyrir að ný fyrirtæki rúmuðust. Á sama hátt getur hrun stórfyrirtækja borið ótrúlega hratt að ef menn missa tókin á lykilþáttunum.

Sem dæmi um þetta nefndi Fine, þegar IBM missti yfirráðin í Pc stýrikerfum yfir til Microsoft og örgjörfana



Þátttakendur Íslands á ráðstefnunni

til Intel (Intel inside). Ráðlegging Fine til fyrirtækja er að kortleggja og endurhanna, ef með þarf, viðskipta- og aðfangakeðju sína og gæta sérstaklega að lykilþáttunum. „Beware of Intel inside regardless of your industry“

Fine fjallaði einnig um hvernig samstarf og sameining fyrirtækja getur ýmist aukið eða dregið úr þróunarhraða („klukkutíðni“) fyrirtækja eftir því hversu vel þau eiga saman. Miklu skiptir hversu vel afurðirnar eru samhæfðar og/eða brotnar í einingar (modular). Að lokum kom Dr. Charles Fine inn á áhrifamátt rafrænna viðskipta á þróunarhraða fyrirtækja en hann telur að þau muni geta gjörbreytt öllum hefðbundnum viðskipta- og aðfangakeðjum eins og við þekkjum þær í dag.

Í vinnuhópunum var farið yfir margar áhugaverðar nýjungar sem snerta stjórnun og þróun í framsæknum fyrirtækjum. Þar gafst þátttakendum tækifæri til að kynna hagnýtri og fræðilegri reynslu helstu þekkingaraðila og fyrirtækja á Norðurlöndum á viðkomandi sviðum.

Marel hf. var með gott innlegg um hvernig fyrirtækið hefur á undanföllum árum unnið að endurhönnun vinnuferla út frá vinnuhópafyrirkomulagi (Celluar manufacturing). Þar gafst gott tækifæri til að bera reynslu Marel við það sem Finnar hafa verið að gera í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á sviðinu.

Frá norska fyrirtækinu Glamox var

einnig áhugavert innlegg um heildarendurskipulagningu upplýsingakerfa, en á 8 mánaða tímabili á árinu 1998 barðist fyrirtækið fyrir lífi sínu. Fyrirtækið er í heildarlausnum og framleiðslu á lýsingu og lýsingarkerfum fyrir stærri byggingar. Grunnforsenda í framtíð þess lá í að samhæfa 25 ósamstæð upplýsingakerfi í fimm framleiðslueiningum fyrirtækisins í jafnmörgum löndum.

Professor Gilad Langer frá Insitute for Produktionsteknologi í Danmörku taldi hins vegar að raunveruleikinn væri alltaf viss blanda af skipulagi og óreiðu (chaos). Ef við ætluðum að ná tökum á rekstrinum þyrftum við líka að læra lífa við óreiðunna. Hann taldi að hér væri verk að vinna fyrir fyrirtæki og fræðimenn.

Coloplast frá Danmörku er fyrirtæki sem vinnur á heilbrigðisæknisviðinu með ýmsar vörur úr plasti fyrir sjúklinga, svo sem gervibrjóst, plástra, vökvapoka ofl. Thorkild Vorm tæknistjóri fyrirtækisins kynnti aðferðir sem fyrirtækið notar til að fylgjast með og forgangsraða þeim tæknisviðum og nýjungum sem gegna lykilhlutverki í þróun og framtíð þess.

Ekki er hægt að gera öllu því efni sem fram kom skil í svo stuttri grein sem þessari, en þeim sem vilja kynna sér efnið nánar er bent á heimasíðu Nordic Forum for Production Technology „www.nordicforum.org“.

Davíð Lúðvíksson

Samningur SI og EJS um viðskiptakjör

Samtök iðnaðarins og EJS hafa gert með sér vildarkjarasamning en markmiðið með honum er m.a. að tryggja öllum skuldlausum aðildarfélögum SI bestu viðskiptakjör hjá EJS.

Samningurinn tryggir m.a. góðan afslátt af listaverði af öllum tölvum og viðeigandi íhlutum, netbúnaði og öðrum vélbúnaði s.s. búnaði sem EJS endurselur. Einnig er tryggður afsláttur af allri rekstrarvöru og hugbúnaði (öðrum en sammingsbundnum).

Afslátturinn gildir við öll almenn innkaup aðildarfélaga SI óháð magni. Þegar um einstök magninnkaup er að ræða eða kaup á dýrari búnaði leitast EJS við að afla „sérverðs“ frá birgjum eftir því sem við á og leggur það fram í sértilboði til aðildarfélaga SI. Afsláttarkjörin gilda ekki þegar um sérstök tilboð er að ræða.

Ljóst er að afsláttarkjör þessi geta haft talsvert að segja fyrir félagsmenn Samtaka iðnaðarins. Þess má geta að Samtökin hafa einmitt haft Dell tölvur í

sinni þjónustu um nokkurt skeið svo og Dell netþjón (miðlara) á innra neti sínu. Þar sem góð reynsla er af þessum tölvubúnaði var tekin ákvörðun um gerð þessa samn-



Talið f.v. Kristinn Svanbergsson deildarstjóri viðskiptaumsjónarsviðs EJS, Georg Aspelund þorkelsson viðskiptaumsjónarfulltrúi EJS, Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI og Haraldur Dean Nelson upplýsingastjóri SI

ings. Dell hefur frá upphafi framleitt tölvubúnað með það að leiðarljósi að tryggja hámarks rekstraröryggi og sem lægstan rekstrarkostnað. EJS býður þriggja ára ábyrgð á öllum Dell tölvum sem þýðir að tölvann er í ábyrgð mestan hluta líftíma síns.

ÁVINNINGUR LÍTILLA FYRIRTÆKJA

Litlum fyrirtækjum hefur oft reynst erfitt að fá góð tilboð í tölvum og aðrar vörur sem þau þurfa að fjárfesta í þar sem sjaldan er um magninnkaup að ræða líkt og hjá stórum fyrirtækjum. Þess vegna hafa slík fyrirtæki oft freistast til að snúa sér að „tilboðum“ þar sem gæði og þjónusta eru oftast ekki til lítillar fyrirmyndar. Samningi Samtaka iðnaðarins og EJS er m.a. ætlað að gera þessum fyrirtækjum auðveldara fyrir að eignast góða og

áreiðanlega vöru, með traustri ábyrgð og þjónustu. Samtök iðnaðarins hafa fullan hug á að gera fleiri samninga af þessu tagi, í fleiri vöruflokkum og eru þeir í sjónmáli.

ÖRYGGI OG ÁREIÐANLEIKI

EJS býður netþjóna frá tveimur traustum framleiðendum, Sun og Dell. Sun netþjónar eru hannaðir fyrir ört vaxandi og síbreytilega markaði Internetsins. Auðvelt er að stækka búnaðinn þegar kröfur um afköst aukast.

Sun netþjónar eru gerðir til að skila alltaf hámarksafköstum. Dell PowerEdge

netþjónar eru ávallt útbúnir nýjustu tækni enda Dell í nánu samstarfi við leiðandi framleiðendur eins og Intel og Microsoft. Dell netþjónar eru þekktir fyrir öryggi og áreiðanleika. Þessa dagana eru kynningartilboð á netþjónum í söludeild EJS.

VOTTAD GÆÐAKERFI

EJS vinnur samkvæmt ISO 9001 vottuðu gæðakerfi. En hvað er ISO 9001 og hvaða ávinning hafa fyrirtæki og viðskiptavinir þeirra af því að verða sér úti um formlega gæðavottun af þessu tagi? Þetta eru spurningar sem hafa vaknað í kjölfar aukinnar gæðavæðingar fyrirtækja hér á landi.

Gæðakerfi eftir ISO 9001 staðlinum er formlegt kerfi þar sem reynt er að leggja allt það sem hefur áhrif á gæði vörunnar í fastar skorður. Það veitir

viðkomandi fyrirtæki vissu öryggi og gerir það t.d. ónæmara fyrir starfsmannabreytingum. Kerfið veitir þess vegna viðskiptavininum vissa tryggingu



Dell GX1

fyrir því að gæði vörunnar séu alltaf hin sömu.

Til að geta sýnt fram á að fyrirtæki uppfylli þann ISO staðal, sem valinn hefur verið, þarf að fá vottunarstofu til að gera úttekt á fyrirtækinu og votta að gæðakerfið standist allar kröfur og þjóni tilgangi sínum. Eftir að vottun hefur verið fengin gerir vottunarstofa úttekt u.þ.b. tvisvar á ári til að fylgjast með að gæðakerfið sé virkt.

Tilgangurinn með gæðastjórnun er að vinna skipulega að því að tryggja að gæði vöru og þjónustu uppfylli stöðugt þarfir og væntingar viðskiptavinarins.



ÖNNUR ÞJÓNUSTA SEM EJS BÝÐUR

Þess má einnig geta að EJS býður nú stofnunum og fyrirtækjum Alrekstur sem felur í sér að tölvu- og upplýsingakerfi fyrirtækja eru tekin í fóstur. Sérfræðingar EJS gera nákvæma úttekt á tölvukerfum viðkomandi fyrirtækja og þau lögðu að breyttum aðstæðum eftir þörfum. Þannig sér EJS um alla þjónustu, rekstur og viðhald á vél- og hugbúnaði. Öflugt og vel rekið tölvu- og upplýsingakerfi stuðlar að auknum afköstum, sparar fé og fyrirhöfn.

Rekstrarþjónusta EJS er oft góður kostur þegar afkoma fyrirtækis og gæði þjónustu þess eru háð áreiðanleika upplýsingakerfis. Með rekstrarþjónustu njóta fyrirtæki fyrirbyggjandi viðhalds á tölvukerfum sínum. Kostnaði við eftirlit og fyrirsjáanlegt viðhald er jafnað niður á árið. Rekstrarþjónusta EJS er sett saman úr mörgum mismunandi þjónustubáttum. Þannig getur viðskiptavinurinn valið það þjónustustig sem honum hentar og tryggt nauðsynlegt rekstraröryggi án óþarfa útgjalda.

Haraldur Dean Nelson



BYGGINGADAGAR 2000
STÓRSÝNING Í LAUGARDALSHÖLL 12.- 14. MAÍ



HÚS OG GARÐAR

HÖNNUN OG HANDVERK

Stórsýning fyrirtækja, framleiðenda,
fagfélaga, hönnuða og stofnana
í tengslum við íslenskan byggingariðnað

SÝNINGARHALDARI:



Hálvagarstíg 1, 101 Reykjavík
Sími 511-5555 - Fax 511-5566
Tengill:
Brynjar Ragnarsson
Netfang brynjar@si.is

Á fréttavefnum
www.si.is
er að finna ítarleg
kynningargögn um
sýninguna

UMSÖR:



Austarstræti 6, 101 Reykjavík
Sími 562-0600 - Fax 562-3411
Tengill:
Sigurros Ragnarsdóttir
Netfang sigurros@kom.is